

**BORGARRÁÐ 30. júní 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álit borgarlögmans um leiðbeiningarskyldu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur - MSS22060244**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995 og öðrum þeim lögum og reglugerðum er um starfsemina gilda. Öllum sveitarfélögum í landinu er skylt að starfrækja sérstakt heilbrigðiseftirlit. Lagt er til að borgarlögmaður veiti álit á því hvort heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur beri leiðbeiningarskyldu sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gagnvart þeirri starfsemi og þeim aðilum sem það hefur eftirlit með, eða sem snerta starfssvið þess.



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

### ***Umsögn borgarlögmans um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álit borgarlögmans um leiðbeiningarskyldu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur***

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. júlí sl., var eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 30. júní 2022, vísað til umsagnar borgarlögmans:

*Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995 og öðrum þeim lögum og reglugerðum er um starfsemina gilda. Öllum sveitarfélögum í landinu er skylt að starfrækja sérstakt heilbrigðiseftirlit. Lagt er til að borgarlögmaður veiti álit á því hvort heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur beri leiðbeiningarskyldu sbr. 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, gagnvart þeirri starfsemi og þeim aðilum sem það hefur eftirlit með, eða sem snerta starfssvið þess.*

Hér á eftir fylgir umbeðið álit um leiðbeiningarskyldu af hálfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir skammstafað HER).

Eins og kemur fram í tilvitnaðri tillögu þá starfar HER í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995 og öðrum þeim lögum og reglugerðum er um starfsemina gilda.

Hlutverk HER er að fara með hollustuhátta-, matvæla- og mengunarvarnaeftirlit í Reykjavík, ásamt því að stuðla að öflugri umhverfissvöktun og fræðslu til almennings í sveitarfélaginu. Þá annast HER útgáfu starfsleyfa fyrir starfsleyfisskylda starfsemi og sinnir einnig þjónustu og fræðslu til starfsleyfisskyldra fyrirtækja í Reykjavík. Samkvæmt framangreindu fer HER, sem er faglega sjálfstæð stjórnarsýslustofnun, með stjórnarsýsluvald og kemur að undirbúningi og töku stjórnvaldsákvarðana á framangreindu sviði, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Það leiðir af gildissviði stjórnarsýslulaga eins og það er afmarkað í 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga að leiðbeiningarskylda hvílir á stjórnvöldum þegar leitað er til þeirra um mál er varða starfssvið þess. Þannig kveður ákvæði 7. gr. stjórnarsýslulaga, kveður á um að stjórnvald skuli veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Aukinheldur hvílir leiðbeiningarskylda á stjórnvöldum samkvæmt óskráðri reglu sem hefur víðtækara gildissvið en leiðir af ákvæðum stjórnarsýslulaga. Í leiðbeiningarskyldu stjórnvalda felst að veita leiðbeiningar um það hvaða réttarreglur gilda á viðkomandi sviði, hvernig meðferð mála er venjulega hagað, hvaða gögn aðila ber að leggja fram o.s.frv. Hefur ákvæðið verið túlkað á þann veg að í því felist skylda til að leiðbeina þeim, sem eru aðilar máls, þar sem fyrirhugað er að taka ákvörðun um rétt eða skyldu þeirra, svo og þeim, sem leita til stjórnvalda til að afla upplýsinga til undirbúnings slíkra mála svo þeir geti gætt hagsmuna sinna sem best.



Reykjavíkurborg

Nánar tiltekið ræðst það af atvikum máls hverju sinni í hvaða tilvikum og þá hversu ítarlega stjórnvaldi er skylt að leiðbeina aðila, hvort sem er að beiðni hans eða að frumkvæði stjórnvalds. Af þessum reglum leiðir á hinn bóginn ekki skylda til þess að veita umfangsmikla og sérfræðilega ráðgjöf eða skylda til að taka forákvörðun um mál sem óskað er leiðbeiningar um.

Af framangreindu leiðir að HER ber leiðbeiningarskyldu samkvæmt 7. gr. stjórnsýslulaga og óskráðri reglu stjórnsýsluréttarins og ber því að aðstoða og leiðbeina aðilum um þau mál sem heyra undir starfssvið þess. Felur það í sér að veita ber nauðsynlegar leiðbeiningar en það fer eftir atvikum máls hverju sinni hversu ítarlegar þær leiðbeiningar þurfa að vera.

Ebba Schram

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur  
Borgartún 12  
105 Reykjavík

**Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álit borgarlögmans um leiðbeiningarskyldu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur**

Á fundi borgarráðs þann 11. ágúst 2022 var lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álit borgarlögmans um leiðbeiningarskyldu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, sbr. 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 30. júní 2022. Einnig lögð fram umsögn borgarlögmans, dags. 5. ágúst 2022.

Borgarráð samþykkti tillöguna.  
Það tilkynnist heilbrigðisnefnd hér með.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Atvinnurekendur í Reykjavík, ekki síst veitingamenn, kvarta gjarnan undan þeim flöskuhálsi sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veldur þegar hafinn er rekstur í borginni. Samskipti við HER reynast eins konar vöfundarhús og ómögulegt að fá skýrar leiðbeiningar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafa ítrekað bent á leiðbeiningarskyldu HER gagnvart þeirri starfsemi sem það hefur eftirlit með. Nú hefur borgarlögmaður staðfest þann skilning að HER beri að lögum leiðbeiningarskyldu og beri að aðstoða og leiðbeina aðilum um þau mál sem heyra undir starfssvið þess. Ítreka fulltrúar Sjálfstæðisflokks mikilvægi þess að HER bregðist við álitinu og veiti hér eftir viðeigandi leiðbeiningar til þeirra aðila sem til þess leita og heyra undir starfssvið þess. Mun Sjálfstæðisflokkur fylgja málinu eftir með tillögum að úrbótum.



Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 30. júní 2022  
Umsögn borgarlögmans, dags. 5. ágúst 2022